

## Fundargerð 771

771. fundur GLÍ 3. september 2008

(7. fundur stjórnar)

Mættir voru: Ólafur Oddur, Sigmundur, Snorri, Valgeir, Sabína, Snær og undirrituð.

1. Fundargerð 770 lesin upp, málinu var frestað
2. Aðsent efni, ekkert aðsent efni
3. Fjármál GLÍ, rætt var um uppgjör vegna HM, enn eftir að ganga frá lausum endum t.m.l. flug fyrir aðstandendur. Ólafur og Sigmundur ætla að skoða málið betur.
4. Úrvalshópurinn, þjálfarar verða Snær Seljan Þóroddsson og Svana Jóhannsdóttir. Æfingarnar fara fram 4.-5. október á Reyðarfirði. Ákveðið var að GLÍ myndi ekki velja úrvalshópinn heldur að forráðamenn félaganna ákveða hverjir væru í hópnun. Hópurinn samanstendur af krökkum frá 9. Bekk til 20 ára aldurs
5. Magni Annýarson, slys sem hann varð fyrir í keppnisferð á Kanaríeyjum tekið fyrir og það rætt.
6. Bændaglíma Suðurlands, fór vel og skemmtilega fram, Jón M Ívarsson lýsti viðureignunum. Stjórnin ræddi að gott væri að viðureignum yrði lýst á mótum.
7. Framkvæmdastjóri GLÍ, athuga að auglýsa starfið

### Önnur mál

- Húsmálin fyrir mót vetrarins gengu vel.
- Ólafur hafði hannað blað sem ritarar á glímumótum gætu farið eftir til að auðvelda fyrir sér og forðast misskráningu.
- Dagur glímunnar verður 1. þriðjudag í október, rætt var um hvað hægt væri að gera, ákvað var að það yrði tekið upp á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og boðaði Ólafur Oddur, formaður til næsta fundar þann 24.  
September 2008 og sleit síðan fundi.

Svana Jóhannsdóttir